

Skólaráð Hörðuvallaskóla

5. fundur skólaársins 2017-2018, haldinn 15. janúar 2018

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Freygerður Ólafsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Unnur Helga Óttarsdóttir, Sigríður Einarsdóttir

Fulltrúar nemenda: Margrét Eva Backmann.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Heimanámsstefna – afgreiðsla.

Endurskoðuð heimanámsstefna skólans hefur nú verið kynnt meðal kennara og foreldra. Engar athugasemdir gerðar við stefnuna sem skoðast þá samþykkt sem hluti af stefnu skólans.

2. Samskiptastefna heimila og skóla – afgreiðsla.

Framhald af umræðu á síðasta fundi. Stefnan samþykkt.

3. Námsmatsupplýsingar til foreldra.

Farið yfir drög að bréfi sem sent verður til foreldra í aðdraganda viðtala og hefur að geyma útskýringar á framsetningu nýs námsmats. Bent á ákveðna áherslupunkta sem fara í tölvupóst með bréfinu.

4. Viðtalsdagar.

Nú er komið að viðtalsdögum á skóladagatali sem eru tveir samliggjandi. Ákveðið að lengd viðtala verði allt að 25 mínútur. Umræður um hvort þörf sé á viðtalsramma og hvort að kennarar, foreldrar og nemendur muni hugsanlega sakna frammistöðumatsins sem notað hefur verið undanfarin ár í aðdraganda viðtala. Munum leitast við að meta þetta fyrirkomulag viðtala að þeim loknum og hvort tilefni sé til breytinga og frekari útfærslna.

5. Skóladagatal 2018-2019.

Lögð fram drög að skóladagatali næsta skólaárs, í samræmingarferli milli grunnskóla og leikskóla bæjarins er búið að ákveða dagsetningar skipulagsdaga, vetrarfría og skólasetningardag. Eftir er þá að ákveða fyrirkomulag viðtalsdaga og annarra „skertra“ daga, auk hugsanlegra þemadaga o.þ.h. Drögin að dagatalinu fara til birtingar á heimasíðu skólans enda mun nokkuð um að foreldrar séu nú þegar farnir að spyrja um dagsetningar varðandi næsta vetur.

6. Húsnæðismál.

Tengibygging við stofur 7. bekkjar er loksins að komast í gagnið í þessari viku. Hönnunarvinna fyrir flutning bókasafns er að fara af stað og áformað er að bæta við tveimur kennslustofum í Kórnum skv. áætlun frá sl. vetri. Farið yfir spá um nemendafjölda næsta skólaár en útlit er fyrir að nemendum gæti fjölgað í ca 990-1000. Það plan sem unnið var varðandi húsnæðismálin í fyrra stendur bærulega fyrir næsta skólaár en nú þarf að vinna áætlun til lengri tíma með tilliti til breyttrar spá um nemendafjölda. Nýjar tölur og áætlunir verða væntanlega til fyrir næsta fund.

7. Skólareglur.

Skýrt frá ferli við endurskoðun skólareglna. Drög að reglum eru í vinnslu og koma fyrir næsta fund.

8. Önnur mál.

- a. Fyrirspurn um myndavélar á skólalóð. Það mál er í hægri vinnslu á umhverfissviði bæjarins.
- b. Örtröð bíla við hringtorg á skólalóð. Hugmynd um að setja áberandi miða á bíla sem lagt er í hringtorgið.

c. Sprengingar í kringum skólann og í undirgöngum. Töluvert hefur borið á sprenginginum í nágrenni skólans um og eftir áramótin. Fulltrúi nemenda tekur málið upp með nemendaráði og í samvinnu við félagsmiðstöð og efnir til umræðu um hættuna sem þessu fylgir.

Næsti fundur áformaður fimmtudaginn 15. febrúar en verður boðaður með viku fyrirvara.